

MENNING

menning@bladid.net

Svo er augljóst að börnin sjálf læra mikið af þessum stuðningi sem þau fá því þau voru mjög dugleg að hjálpa hvert öðru.



Leiðsögn Jóníar

Jóní Jónsdóttir, ein listakvinnanna þriggja í Gjörningaklúbbsnum, tekur þátt í leiðsögn um sýningu klúbbsins í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsinu, á morgun klukkan 15. Sýning Gjörningaklúbbsins var opnuð í Hafnarhúsinu síðastliðinn föstudag. Á henni eru myndbönd af gjörningum, ljósmyndir, vídeóverk, þrívíð verk, búningar klúbbsins og aðrir munir sem tengjast ferli hópans.



Hálendi hugans

Sýningargestum í Listasafni Íslands er boðið í ferðalag um hálendi hugans í fylgd Katrínar Sigurðardóttur myndlistarmanns á morgun, sunnudag, klukkan 14. Hún mun fjalla um verk sitt HIGH PLANE VI með vísun í önnur verk á sýningunni Ó-Náttúra sem nú stendur yfir í Listasafni Íslands. Aðgangur er ókeypis.

Byggingarlist í öndvegi

Sýningin Byggingarlist í augnhæð verður opnuð í Norðursal Kjarvalsstaða í dag. Norðursalur er jafnan helgaður ungu fólki, sköpunargleði og góðri samverustund. Í sýningunni Byggingarlist í augnhæð er unnið út frá þeirri hugsjón að fræðsla og byggingarlist örvu upplifun og efli meðvitund ungs fólks um umhverfi sitt.



Gestum er boðið að taka virkan þátt í sýningunni með því að byggja líkan úr trélistum og brjóta saman gogg með óvæntum spurningum um ýmislegt sem viðkemur byggingarlist Kjarvalsstaða. Sýningin tengist þróunarverkefni sem Arkitektafélag Íslands hefur átt frumkvæði að og er ætlað til kennslu í byggingarlist fyrir börn og ungt fólk. Sýningin stendur til 31. desember.

Úthverfin öll eins



Einn fremsti samtímaljósmyndari Japans, Takashi Homma, opnar ljósmyndasýninguna TOKYO/REYKJAVÍK í 101 Gallery í dag. Takashi fæddist í Tókýó árið 1962 og lærði ljósmyndun þar í borg á árunum 1981 til 1984. Hann bjó í London á árunum 1990 til 1992 og starfaði þar sem tískuljósmyndari fyrir I-D og önnur tískublöð. Hann hefur meðal annars einbeitt sér að því að mynda borgarlandslag og þá helst úthverfi. Sjálfur ólst hann upp í úthverfi í Tókýó og hefur myndað úthverfi víðs vegar um heiminn og segist hafa áhuga á þeim þar sem þau líti eins út hvarvetna.



Mary Ellen Mark í Myndasafni Þjóðminjasafnsins.

Mary Ellen Mark sýnir ljósmyndir í Þjóðminjasafninu

Myndir af einstökum börnum

Í Myndasafni Þjóðminjasafns Íslands má sjá myndir af veruleika fatlaðra barna á Íslandi í samtímanum eftir heimspektan, bandarískan ljósmyndara.

Eftir Hildi Eddu Einarsdóttur hilduredda@bladid.net

Sýning á ljósmyndum hins heimspektka, bandaríska ljósmyndara Mary Ellen Mark, verður opnuð í Myndasafni Þjóðminjasafns Íslands á morgun, sunnudaginn 9. september. Ljósmyndirnar sýna veruleika fatlaðra barna á Íslandi í samtímanum, en Mary Ellen Mark er einmitt þekkt fyrir myndir þar sem horft er í augu við raunveruleikann.

Það var Margrét Hallgrímsdóttir þjóminjavörður sem fékk hugmyndina að sýningunni. „Ég hafði séð myndir eftir hana í Morgunblaðinu af börnum í Óskjuhlíðarskóla. Ég hreifst mjög af því hversu raunsæjar þessar myndir voru, en Mary Ellen hefur sérstakt lag á að taka slíkar myndir. Þannig er afkrasturinn hér á þessari sýningu. Hún reynir ekki að ýkja neitt eða fegra, heldur sýnir hún einungis börnin á þeirra gleði- og sorgarstundum,“ segir Margrét.

Þakklátir foreldrar

Myndirnar voru aðallega teknar í Lyngási og í Safamýrar- og Óskjuhlíðarskólum.

MARY ELLEN MARK

Meðal kunnustu verka hennar eru myndir af lífi heimilislausra ungmenna í Seattle, starfi líknarstofnunar móður Teresu í Kalkúttu, vændishúsi í Mumbai og lífinu í indversku fjöleikahúsi.

Eiginmaður hennar er hinn þekkti kvikmyndagerðarmaður Martin Bell, sem gerði heimildarmynd um einn nemanda Óskjuhlíðarskóla, Alexander Viðar Pálsson, samhliða því sem Mary Ellen tók myndir.

arskóla veturinn 2006 til 2007 og segist Mary Ellen hafa eytt samtals sex vikum með börnunum. „Ég var með þeim í skólunum þeirra á hverjum degi og í einstaka tilfellum fór ég heim með þeim og myndaði þau þar. Ég tók þessar myndir í tveimur lotum og kom fyrst snemma um haustið þegar veðrið var gott og svo kom ég aftur um miðjan vetur þegar kalt var úti, og árstíðamunurinn sést glögg á myndunum,“ segir hún.

Hluti barnanna og foreldra þeirra hefur þegar komið og séð myndirnar og segist Mary Ellen hafa fengið góð viðbrögð frá þeim. „Börnin höfðu gaman af því að sjá myndirnar af sér og vinum sínum og foreldrar voru sömuleiðis mjög ánægðir. Ég held þeim hafi fundist börnin öðlast ein-

hvers konar viðurkenningu þegar þeir sáu myndirnar,“ segir hún.

Gott kerfi á Íslandi

Mary Ellen hreifst mjög af börnunum sem hún myndaði og sömuleiðis skólunum og aðstæðunum þar. „Börnin eru öll einstök og þið Íslendingar hafið ótrúlega gott stuðningskerfi fyrir fötluð börn hér á Íslandi. Skólastjórnendur og starfsfólk skólanna og Lyngáss eru mjög fær í sínum störfum og aðstæður fyrir börnin eru til fyrirmyndar. Í Bandaríkjunum búum við því miður ekki svo vel. Vissulega eru til einkareknir skólar sem bjóða upp á fyrsta flokks aðstöðu og þjónustu fyrir fötluð börn, en það er einungis á færi þeirra efnuðu að senda börnin sín í slíka skóla. Efnaminni foreldrar fatlaðra barna verða að sætta sig við opinbera skóla sem eru engan veginn í líkingu við skólana hér á Íslandi. En hér á Íslandi sitja allir við sama borð hvað varðar aðstöðu og stuðning við fötluð börn og það finnst mér frábært. Svo er augljóst að börnin sjálf læra mikið af þessum stuðningi sem þau fá því þau voru mjög dugleg að hjálpa hvert öðru,“ segir hún.

Á meðan á sýningunni stendur eru einnig til sýnis valin listaverk eftir börnin sjálf ásamt myndum sem Ívar Brynjólfsson, ljósmyndari Þjóðminjasafnsins, tók af aðstöðu barnanna í skólunum.

Hjá okkur fáist þið mikið úrval af barnabílstólum



BabySam

Skeifunni 8 - s. 568 2200 - Smáralind - s. 534 2200

www.babysam.is

Yfirlitssýning Eggerts

Sýning á verkum Eggerts Péturssonar verður opnuð á Kjarvalsstöðum í dag klukkan 16. Þar gefst í fyrsta sinn tækifæri til að líta verk þessa dáða listamanns frá upphafi ferils hans fram til dagsins í dag. Á sýningunni eru rúmlega fimmtíu verk og hafa sum þeirra aldrei verið sýnd áður.

Eggert er þekktur fyrir málverk af fínlegri en harðgerri náttúru landsins. Þau eru unnin af einstakri nákvæmni og vekja áhorfandann til umhugsunar um þá fegurð sem býr við sérhvert fótímal í náttúru landsins. Hann

hélt sína fyrstu einkasýningu árið 1980 og hefur síðan þá haldið fjölda einka- og samsýninga hér á landi sem erlendis. Á sýningunni á Kjarvalsstöðum eru nokkur verk frá upphafsárum listamannsins en flest spanna síðustu tvo áratugi þar sem íslenskar jurtir og blóm hafa verið meginefniðurinn.

Einnig verður í dag opnun á sýningu Helga Gíslasonar, *Lágmyndir*, í Vesturforsal Kjarvalsstaða. Þar sýnir hann nýjar lágmyndir sem hann sér sem „einstigi milli tvívíddar og þrívíddar“.

